

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 5. febrúar 2024

Umsögn Landverndar er varðar reglugerð um Loftslagsráð

Landvernd hefur kynnt sér reglugerð þessa og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í skýrslu Dr. Ómar H. Kristmundssonar sem unnin var í febrúar 2023 er bundið í lög 15 ríkja að starfrækt sé Loftslagsráð. Þar af er ráðið starfrækt sem óháð vísinda- og sérfræðiráð í 9 löndum.

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er það einnig vilji hér á landi að ráðið starfi sem slíkt en í honum segir:

„Stjórnsýsla loftslagsmála verður styrkt og hlutverk Loftslagsráðs tekið til endurskoðunar með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum.“

Í Reglugerð þessari er ekki að sjá að aukin áhersla sé gerð á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf. Bæta þarf virkilega í hæfniviðmiðin og gæta þess að ráðið spanni nokkur, ef ekki öll viðmiðin. Ekki er nóg að viðkomandi hafi þekkingu á sínum viðmiði heldur ætti að vera farið fram á bæði háskólamenntun og reynslu á viðkomandi viðmiði. Þá er hlutverk ráðsins ekki gert skýrara í reglugerðinni en í lögnum og ekki er kveðið á um hvernig ráðherrum og stofnunum beri að bregðast við ábendingum þeirra.

Einnig er fulltrúum í ráðinu fækkað en þeir voru fimmtán talsins og í reglugerðinni er kveðið á um að þeir verði eingöngu níu. Þetta er ekki rökstutt og ekki að sjá að það sé til þess að styrkja stjórnsýslu loftslagsmála.

Samkvæmt skýrslu Dr. Ómars H. Kristmundssonar eru nokkur einkenni slíkra vísindaráða sem eru þvert á lönd og það eru:

- Þau starfa skv. sérstökum loftslagslögum, eða reglugerðum sem á þeim byggjast, og eingöngu að loftslagsmálum en ekki umhverfismálum almennt.
- Hlutverk þeirra er að afla, greina og miðla gagnreyndum upplýsingum um stöðu og þróun loftslagsmála til aðstoðar stjórnvöldum við töku stefnumótandi ákvarðana og endurskoðun þeirra.
- Þau tilheyra stjórnsýslu ríkis en starfa engu að síður sjálfstætt.

4. Í þeim sitja vísindamenn og/eða aðrir sérfræðingar á lykilsviðum loftslagsmála.
5. Þau fá fjárveitingu á fjárlögum. Sérstök skrifstofa starfar með ráðinu en starfsemi hennar er misumfangsmikil.

Til að uppfylla betur einhver þessara atriða verður að uppfæra lögin. Breyta þarf skipun en samkvæmt núverandi lögum sitja fulltrúar atvinnulífs, háskólasamfélags, sveitarfélaga og náttúruverndarsamtaka sem er líkara hagsmunaráði. Hliðstæð ráð hafa ekki getað skilað virku aðhaldi og jafnvel hægt á framförum í Bandaríkjunum á stjórnartíð Donalds Trump en hann viðhélta slíkum hagsmunaöflum inni í vísindaráðum Bandarískra stjórnvalda, við litlar undirtektir í alþjóðlegum hreyfingum í umhverfismálum¹. Ekki er tryggt að þeir aðilar búi yfir þeirri sérþekkingu sem virkt aðhalds- og eftirlitshlutverk gagnvart stjórnvöldum krefst en þess er til að mynda getið í lögum um skipan í fjármálaráð. Einnig er ekki kveðið á um að þau sem í ráðinu sitja fái fyrir það greitt. En það eru lágmarkskröfur að sérfræðingar fái greitt fyrir vinnu sína eigi þeir að inna hana af hendi. Þess eru einnig hliðstæður í fjármálaráði þar sem ráðherra ákvarðar greiðslur til þeirra sem sitja í ráðinu. Þessi dæmi eru ekki tæmandi listi þess sem þyrfti að endurskoða í lögum er varða loftslagsráð.

Vel er hægt að uppfylla einhver þessara einkenna sjálfstæðra vísindaráða mun betur í reglugerð þessari. Til dæmis með því að draga úr skyldum ráðsins en ekki virðist nauðsynlegt að loftslagsráð sjálf eigi í samráði við almenning heldur ætti það að vera í höndum ráðuneytisins.

Einnig væri vel hægt að herða hæfniviðmiðin og krefjast háskólamenntunar ásamt því að skerpa á verkefnum ráðsins. Þar verður að nefna hjálp við undirbúning og greiningu aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem og árleg skýrsla um framgang áætlunarinnar og rýni á landskipulagsstefnu, ferðamálastefnu ofl. sem beintengt er loftslagsmálum. Einnig þarf að gera stjórnvöldum líkt og ráðherrum skylt að greina frá hvernig brugðist er við álit Loftslagsráðs.

Landvernd fagnar því að gera eigi Loftslagsráð faglegra og auka aðhald að stjórnvöldum en telur enn langt í land með að ná árangri í þeim efnum en reglugerðasetning þessi ætti einungis að líta til bráðabirgða þar til nauðsynlegar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.

Með vinsemd og virðingu

F.h. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður

¹ <https://www.ucsusa.org/resources/abandoning-science-advice> og <https://insideclimatenews.org/news/19062019/trump-order-eliminate-expert-advisory-committees-science-backlash/>